

Línuhönnun hf
Ólafur Árnason
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

2005070095
7505; 9310

Reykjavík, 27.. september 2005
/--

Efni: Efnistaka við Eyvindará á Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Fljótsdalshéraðs að matsáætlun um efnistöku við Eyvindará

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar verkfræðistofu dags. 25. júlí 2005 tillaga Fljótsdalshéraðs að matsáætlun:

Fljótsdalshérað. Efnistaka við Eyvindará. Línuhönnun, júlí 2005.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fljótsdalshéraði, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóra. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 26. september 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. júlí 2005, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 4. ágúst 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. ágúst 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 8. ágúst 2005. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupóstum dags. 12. og 22. ágúst 2005.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Fljótsdalshéraðs að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvupóstum framkvæmdaraðila dags. 12. og 22. ágúst 2005 og með eftirfarandi athugasemd.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vinnsluáætlun, áfangaskiptingu og frágang. Skipulagsstofnun telur að fram þurfi að koma í matsskýrslu áætlaður fjöldi framkvæmdaáfanga, efnismagn innan hvers áfanga/undirsvæðis og hvernig staðið verður að efnisnámi, frágangi og landmótun viðkomandi framkvæmdaáfanga innan heildarefnistökusvæðisins með hliðsjón af fullnýtingu og frágangi alls svæðisins.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Fljótsdalshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofun og veiðimálastjóri.